

## Fundargerð aðalfundar fimleikastjórnar

Aðalfundur fimleikastjórnar var haldinn í afmælissal Bjarkanna að Haukahlrauni 1, þann 25. mars 2019.

Marianna Finnbogadóttir formaður fimleikastjórnar setti fundinn og kaus fundurinn Ástu Rut Jónasdóttur fundarstjóra. Ágústa Ingibjörg Arnardóttir var kosinn fundarritari.

### Efni fundar:

1. Farið yfir lögmati fundarins, tilgreint hvernær hann var auglýstur og hann samþykktur.
2. Skýrsla stjórnar.
  - a. Farið yfir hverjir hafa setið í stjórn á síðasta starfsári. Marianna Finnbogadóttir, formaður, Ágústa I. Arnardóttir, ritari, Elín M. Þráinsdóttir, Geirprúður Guttormsdóttir, Karólína Valtýsdóttir, Silja Stefánsdóttir og Silja Birgisdóttir.
  - b. Margir iðkendur hafa verið hjá Björk í fimleikum og hafa biðlistar nýrra iðkenda myndast síðastliðin tvö ár. Þeim upplýsingum hefur verið komið á framfæri til bæjaryfirvalda. Húsnæði Bjarkanna tekur ekki fleiri iðkendur en nú þegar eru og er því mikilvægt að úr því verði bætt þar sem iðkendur Bjarkanna eru flestir undir 12 ára aldri og eru stúlkur þar í meirihluta.
  - c. Rætt um sali sem Björk hefur til umráða. Stóri salurinn fyllir ekki kröfur FSÍ varðandi mótahald í efstu þrepum fimleikastígans þar sem hann er ekki nægilega stór. Atrennan að slánni er ekki nægjanlega löng. Þeim áhyggjum hefur verið komið áfram til bæjaryfirvalda þar sem Björk mun verða af fjármunum ef við fáum ekki undanþágu til mótahalds eins og raunin var á þessu starfsári. Mikið álag hefur verið á salnum og er oft þannig að bið hefur verið eftir áhöldum sem er soun á tíma bæði iðkenda og þjálfara. Á móti í vetur neitaði keppandi í frjálsum æfingum karla að keppa á einu áhaldi. Rökin fyrir því voru að hann taldi aðbúnað í kringum áhaldið sem hann átti að keppa á ekki nægilega góðan og því slyshætta. Það hefur verið tilkynnt til bæjarins.
  - d. Andrasalur. Við höfum fengið aðeins meiri tíma í Andrasal eftir að körfuboltinn flutti út á Ásvelli. Við höfum óskað eftir því að fá salinn til fullra afnota þar til gerðar hafi verið bætur á aðstöðu okkar. Undirbúningur er hafin á því að fá nýtt hús fyrir Bjarkirnar og verður skipulag á þarfagreiningu gert sem fyrst. Óskað hefur verið eftir því að við fáum forgang hjá bænum varðandi nýja byggingu og er lagt til að þær byggingar verði hér að Haukahlrauni.
  - e. Starfsmenn fimleikadeildar á líðandi starfsári hafa verið um 40.
  - f. Áhöld hafa verið endurnýjuð. Mikið vantar af nýjum áhöldum og er þar helst að nefna nýjan fíber en sá sem er inni í sal hefur verið talin slysgildra fyrir fimleikafólk. Slár og lendingadýnur fara á lista. Óskað hefur eftir verið þrekhljóli inni í sal fyrir krakka sem eru að koma úr meiðslum. Farið yfir sýningar síðasta starfsárs en það hefur mælst vel fyrir að hafa jólaæfingar þar sem foreldrar koma og horfa í stað jólasýninga.
  - g. Búinn var til matskvarði til að hægt væri að gera val á fimleikakonu og manni ársins réttmætt. Kvarðinn á að vera öllum aðgengilegur á heimasíðu Bjarkanna og auðveldara verður að bera saman árangur íþróttafólks á milli deilda Bjarkanna.

- h. Farið yfir góðan árangur starfsmanna Bjarkanna og viðurkenningu sem þeir hlutu frá FSÍ. Jóhannes Niels Sigurðsson var valinn þjálfari ársins, Guðrún Bjarnadóttir valinn leiðtogi ársins, Hildur Ketilsdóttir fékk starfsmerki ársins og Hlín Árnadóttir varð heiðursfélagi FSÍ.
  - i. Á uppskeruhátíð ÍBH fengu nokkrir af okkar iðkendum viðurkenningu. Margrét Lea Kristinsdóttir fékk tilnefningu sem íþróttamaður Hafnarfjarðar en til þess að fá þá tilnefningu þá þarf viðkomandi að hafa orðið Íslandsmeistari í efsta styrkleikaflokki.
  - j. Farið yfir glæstan árangur keppenda á mótum í fimleikum á vegum Bjarkanna.
  - k. Rætt um fulltrúa Bjarkanna í landsliðshópi og þau landsliðsverkefni sem þau hafa tekið þátt í.
  - l. Rætt um foreldraráð keppnishópa. Stefnan var að koma þessu í framkvæmd á líðandi starfsári en ekki náðist að koma því í framkvæmd. Rætt um mikilvægi þess að halda þessari vinnu áfram og að það verði á stefnu næstu stjórnar að koma þessu í framkvæmd.
  - m. Rætt um sjoppuúthlutun og möguleika á fjáröflun og ganga þeir hópar fyrir sem eru með skipulagðar ferðir.
  - n. Rætt um að stúlkur í hóp fimleikum hafi haldið Fimleikafjör sem er skemmtidagur fyrir yngri börn en þetta var leið í fjáröflun.
  - o. Farið yfir störf fimleikastjórnar. Áhersla hefur verið á jafna þjálfun þeirra sem eru í sama þrepi. Félagið þarf betri aðstöðu fyrir hóp fimleikana ef halda á þeim áfram. Markmiðið er að Björk geti verið með keppnishópa í öllum þrepum.
3. Rætt um ársreikning fimleikadeildarinnar og er deildin á um það bil núlli.
  4. Kosning stjórnar. Framboð til formanns stjórnar hefur borist og býður Ágústa Ingibjörg Arnadóttir sig fram og er hún kosin. Geirprúður Guttormsdóttir, Karólína Valtýsdóttir og Elín Þráinsdóttir bjóða sig til áframhaldandi setu. Elín Hilmarsdóttir og Íris Ragnarsdóttir bjóða sig fram í stjórn og hlutu þær kosningu.
  5. Undir önnur mál var áframhaldandi rætt um áhyggjur af stöðu hússins og þeirri stöðu Bjarkanna að beta ekki haldið fimleikamót í hæsta flokki. Markmiðið er að reyna að fá okkar framkvæmdir í forgang. Ingvar Kristinsson hefur verið að hjálpa til við þarfagreiningu á Björkunum.

Annað ekki rætt.

Fundi slitið.